



FUNDARGERÐ

1. fundur samráðsnefndar Rangárbíngs ytra og Ásahrepps haldinn á Laugalandi , 7. mars 2019 og hófst hann kl. 16:30.

Fundinn sátu:

Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Yngvi Harðarson, Hjalti Tómasson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason, Nanna Jónsdóttir og Helga Fjóra Guðnadóttir.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Í upphafi fundar komu fundarmenn sér saman um að Hjalti Tómasson myndi stýra fundi og Ágúst Sigurðsson myndi rita fundargerð. Steindór Tómasson forfallaðist og ekki náðist að boða varamann. Þá sat fundinn Nanna Jónsdóttir varamaður í stað Egils Sigurðssonar sem hafði boðað forföll.

Dagskrá:

1. Samþykktir fyrir byggðasamlagið Odda bs - 1512003

Umræða vegna endurskoðunar samþykktanna.

Farið var yfir samþykktirnar með því að lesa upp einstakar greinar þeirra og opna síðan á umræður. Umræður sköpuðust einkum um greinar 7 og 8 sem snúa að stjórn byggðasamlagsins og hvort breyta ætti fyrirkomulagi þar um. Einnig var fjallað almennt um fræðslumál, íþrótt- og tómstundastarf jafnhliða umræðu um einstakar greinar samþykktanna. Tillaga var lögð fram um að fela stjórn Odda bs að taka samþykktirnar aftur til skoðunar í ljósi þeirra umræðna sem sköpuðust í samráðsnefnd og leggja þær fyrir sveitarstjórnir á reglulegum fundi þeirra í apríl 2019. Samþykkt samhljóða.

2. Samráðsfundur Ásahrepps og Rangárbíngs ytra 2019 - 1903003

Undirbúningur fyrir samráðsfund ársins þar sem gefið er yfirlit um sameiginleg verkefni og þjónustusamninga.

Rætt var um hinn árlega samráðsfund og mögulegar breytingar á fyrirkomulagi hans. Tillaga var lögð fram um að halda hinn árlega fund með svipuðu sniði og verið hefur þann 15. maí n.k. kl 13:00-15:00 í Menningarsalnum á Hellu. Einnig var tillaga um að samráðsnefnd stefni að því að koma saman 22. maí n.k. kl 16:30 á Laugalandi. Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál - 1903004

Umræður urðu um íþróttagólf á Laugalandi.


Fundargerð yfirlesin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.


Haraldur Eiríksson


Ágúst Sigurðsson


Hjalti Tómasson


Brynja Jóna Jónasdóttir


Guðmundur Gíslason


Helga Fjóra Guðnadóttir


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Yngvi Harðarson


Ásta Berghildur Ólafsdóttir


Elín Grétarsdóttir


Nanna Jónsdóttir